

nazar:

Velkomin til Tyrklands! ♥



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA:

FARARSTJÓRAR / ÞÍN UPPLIFUN / SKOÐUNARFERÐIR / NYTSAMLEGAR UPPLÝSINGAR / HEIMFERÐIN



VELKOMIN TIL TYRKLANDS!

Kæri gestur

Við fararstjórar og leiðbeinendur Nazar bjóðum þig og þína fjölskyldu velkomna til Tyrklands. Við vonum að þú eigir eftir að upplifa ógleymanlegt sumarfrí með okkur.

Tyrkland er frábært land að heimsækja, hvort sem er að vori, sumri eða hausti. Hér getur þú notið þess að fara á yndislega ströndina, skoða fallett umhverfið, vingjarnlegt fólk og auðvitað frábæru „allt innifalið“ hótelið okkar sem bjóða upp á allt sem til þarf; góðan mat, afslappandi sundlaugarsvæði og skemmtilega afþreyingu fyrir bæði stóra og smáa.

Við erum um það bil 100 fararstjórar og leiðbeinendur hér í Tyrklandi og við gerum okkar besta til að gera sumarfríð þitt eins ógleymanlegt og við mögulega getum. Þess vegna köllum við okkur Dream providers (draumaveitendur). Komdu til okkar ef þú hefur einhverjar spurningar, ef þú vilt fá góð ráð varðandi hótelið þitt eða áfangastað, eða bara ef þig langar til þess að deila með okkur hvernig þú upplifðir þitt sumarfrí. Við hlökkum til að hitta þig!

Í þessari bók finnur þú nytsamlegar upplýsingar en mögulega færðu einnig innblástur um hvað hægt er að gera hér í hinu frábæra Tyrklandi.

Við vonum að þú eigir yndislegt sumarfrí framundan!

Þínir Nazar fararstjórar





SKOÐUNARFERÐIRNAR OKKAR



Komdu með í skoðunarferðir og upplifðu fjölbreytileika Tyrklands! Ertu fyrir sól og afslöppun, fjöruga frídaga, fallega náttúru, spennandi menningu og sögu eða fullt af skemmtun fyrir alla fjölskylduna? Þá erum við með skoðunarferð sem hentar þér. Komdu til fararstjóra okkar ef þú vilt vita meira og bóka þína skoðunarferð. Fyrir góða yfirsýn höfum við skipt skoðunarferðum okkar í nokkra mismunandi flokka.



Nazar Premium Skoðunarferðir

Ef þú vilt fara í einkaskoðunarferð eins og t.d. einkasiglingu. Fyrir frekari upplýsingar, spyrðu fararstjórnann þinn.

Nazar Uppáhalds

Okkar allra vinsælustu skoðunarferðir með fullt af sól og vatni og nokkrir af suðurstrandarinnar best þekktu stöðum.

Nazar Fjölskylda og Ævintýri

Hér er upplifun og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Farið til dæmis í okkar frægu sjóræningja-skemmtisiglingu!

Nazar Menning og Dekur

Komdu eins nálægt ekta Tyrklandi og hægt er. Hér öðlastu minningar fyrir lífstíð.

Nazar Sport & Spenna

Viltu fá adrenalínið til að streyma í fríinu? Leiktu þá lausum hala á leiksvæði náttúrunnar!

Nazar Verslun


Fullt af verslunarmöguleikum.

Nazar Extra

Prófaðu alþjóðlegu skoðunarferðirnar okkar eða skoðaðu Tyrkland á eigin vegum og leigðu þér bíl.



NAZAR UPPÁHALDS



Istanbul með flugi

Istanbul er eini staðurinn sem liggur í tveimur heimsálfum, bæði Asíu og Evrópu. Istanbul sameinar á skemmtilegan hátt nútímalegt vestrið með heillandi austrinu. Í skoðunarferðinni skoðum við þekktustu staðina eins og t.d. Topkapi höllina og bláu Moskuna. Seinni part dags hefur þú einnig möguleika á að koma með í siglingu á Bosphorusstræti og fara á Egypska basarinn. Ferðin til Istanbul er farin með flugi frá Antalya.

Fullorðnir: **155 €**, Börn 0-1 árs: **Frítt**
Dagur ferðar: Laugardaga frá Alanya og Incekum svæðinu, Side, Belek og Antalya.

Sea dream sigling

Njóttu frábærs síðdegis á siglingu um heiðblátt Miðjarðarhafið! Við yfirgefum borgina og meginlandið og njótum þess að sleikja sólskinid og synda, með „allt innifalið“ drykkjarvöru og ferska ávexti. Allir gestir fá baðhandklæði um borð í bátum en mikið pláss er um borð til að njóta afslappaðs andrúmsloftsins. Við komum til hafnar aftur snemma kvölds.

Þessi skoðunarferð er eingöngu ætluð fullorðnum.

Fullorðnir: **72 €**
Dagur ferðar: Þriðjudag frá Alanya og Incekum svæðinu.



Green Canyon & Verslunarferð

Að morgni til er upplagt að versla á Manavgat markaðnum og í vefnaðarvöruoutlet, en eftirmiðdeginum er síðan eytt á Green Canyon fljótinu og í fallegri náttúrunni í kringum það. Olympinar stíflan sem rís 185 metra há er mikilfengleg og uppistöðulónið glitrar fallega í grænum tónum, umvafið fjöllum. Það er einnig mögulegt að njóta heils dags á friðsæla Green Canyon án verslunarferðar.

Fullorðnir: **59 €**, Börn 7-14 ára: **29 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Fimmtudag frá Alanya svæðinu, Incekum, Side, Belek og Antalya (Green Canyon heilsdags skoðunarferð án verslunar er einnig farin á laugardögum).



Manavgat báts- og verslunarferð

Verslun og sólbað, en dásamlegur sumarfrisdagur! Markaðurinn í Manavgat er vinsælasti markaður Antalya svæðisins en þar er allt á milli himins og jarðar selt. Við heimsækjum einnig vefnaðarvöruoutlet. Bestu selfie ferðarinnar eru síðan teknar við mest ljósmyndaða foss Tyrklands, Manavgat fossinn. Stefnan er síðan tekin á hið smargaðsgræna Manavgatfljót. Við köstum akkeri við ströndina þar sem hægt er að stinga sér niður í kalt fljótið, eða ganga yfir ströndina og njóta heiðbláa Miðjarðarhafsins.

Fullorðnir: **39 €**, Börn 7-14 ára: **20 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Mánudag og fimmtudag frá Alanya og Incekum svæðinu, Side, Belek og Antalya



Dim Cay

Dim Cay svæðið er það fallegasta við Alanya. Kalt ferskvatn streymir frá Taurusfjöllunum og það er dásamlegt að eyða heilum degi hér við sund og afslöppun. Vatnið í ánni er mjög svalandi, sérstaklega yfir heitustu sumarmánuðina, sem gerir svæðið einnig mjög vinsælt á meðal innfæddra. Í stóra Dim Cay dropasteinshellinum dáleikumst við svo af fallegum dropasteinum sem eru hver öðrum fegurri og á plantekrunni erum við kynnt fyrir þeim ávöxtum sem ræktaðir eru í nágrenninu.

Fullorðnir: **29 €**, Börn 7-14 ára: **15 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Laugardag frá Incekum og Alanya



Perlur Antalya

Antalya er svo sannarlega heimsóknarinnar verð, yfir milljón manns búa í borginni og liggur hún 39 metra yfir sjávarmáli. Hér eru fjölmargir fossar og við skoðum þann fallegasta af þeim öllum, Düden fossinn. Stærsta aðdráttarafl Antalya er án efa gamli bærinn Kaleici, með sínar fallegu götur, litlu búðir og veitingastaði. Þetta allt sem og vinsælasta upplifun svæðisins, hið fallega hlið Hadrians.

Fullorðnir: **20 €**, Börn 7-14 ára: **10 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Þriðjudag frá Belek og Antalya



Perlur Alanya

Heillandi Alanya er umvafin stórkostlegum Taurusfjöllum og türkísláum hafi. Frá Alanya kastalnum er dásamlegt útsýni yfir borgina úr 250 metra hæð. Damlatas hellirinn er þekktur fyrir fegurð og leyndardómsfullt, lækandi andrúmsloft og er hann sannarlega heimsóknarinnar verður. Skoðunarferðin er síðan toppuð með kvöldverði við sólarlag um borð í bát eða á liflegu hafnarsvæði Alanya.

Fullorðnir: **35 €**, Börn 7-14 ára: **17 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Miðvikudag frá Alanya og Incekum svæðinu.





NAZAR FJÖLSKYLDA & ÆVINTÝRI



Sjóræningjasigling

Komdu með Kapteini Nemo og áhöfn hans í frábæran ævintýradag á Manavgatflóðinu. Þetta verður dagur fullur af leik og fjöri um borð í sjóræningjaskipinu og þegar við köstum akkeri og förum í land þá hefst stóra fjársjóðsleit! Alþjóðlegir sjóræningjarnir gera daginn ógleymanlegan og allir sjóræningar litlir og stórir eru velkomnir með. Sjipp o hoj, komið með okkur!

Fullorðnir: **35 €**, Börn 3-12 ára: **20 €**, Börn 0-2 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Þriðjudag frá Side, Alanya og Incekum svæðinu, Side, Belek og Antalya

Vatnaveröld

Vatnaveröldin er hrein paradís fyrir alla fjölskylduna! Haltu fast í sundbuxurnar, því þú rennur hratt niður allar skemmtilegu brautirnar. Alveg sama hvort þér líkar best við brattar brautir eða ert varkárari týpan þá verður mikið fjör. Í vatnsskemmtigarðinum eru vatnsrennibrautir og sundlaugar fyrir alla aldurshópa. Einnig bjóðum við aðgangsmiða á hagstæðu verði til margra annarra vatnsskemmtigarða.

Troy: **42/28*€**, Börn 3-11 ára: **29/19*€**, Börn 0-2 ára: **Fritt**.
Ferðadagur: Mán/fös frá Antalya og Belek. Ef bara aðgangur: allir dagar. *einungis aðgangur.
Eftalia Island Vatnsgarður (Allt innif): **42 €** frá Side, **38 €** frá Alanya, Börn 0-11 ára: Börn 0-2 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Mán/lau frá Side, Mán/Þri/lau/fös/lau frá Alanya og Incekum svæðinu
Damlatas Aquapark: **24 €**, Börn 3-11 ára: **15 €**, Börn 0-2 ára: **Fritt**,
Dagur ferðar: Alla daga fyrir eingöngu aðgang.



Sædýrasafn & Snjóveröld

Sædýrasafn Antalya er eitt það stærsta í heiminum og hýsir margs konar litaglaða fiska frá öllum heiminum. Stórir sem smáir, friðsælir og skelfilegir. Hákarlar og skötur synda yfir okkur í 131 metra langa fiskabúrinu. Innanhúshönnunin á sædýrasafninu er einstök, en þar er að finna flugvéla- og skipsflök sem og stórkostlegt kóralrif. Í „Snow World“ snjóveröldinni getur þú kælt þig niður á heitum sumardeggi og rennt þér niður snævi þakrar brekkunnar, þó að hitamælirinn sýni 40+ gráður úti.

Fullorðnir: **49 €** (Ef valið er eingöngu aðgang **25 €** er Snow World ekki innifalinn); Börn 7-12 ára: **39 €** (eingöngu aðgangur: **17 €**), Börn 0-6 ára: **Fritt**; Dagur ferðar: Fim & sun frá Antalya og Belek. Eingöngu aðgang er hægt að fá alla daga frá öllum áfangastöðum.


Letidags Sigling

Sól, sjór og sund í bland með algjörrri afslöppun, er lýsandi fyrir þennan dag. Njóttu sólarinnar með kaldan drykk í hendi á þilfari skipsins, umvafin af fallegu útsýni til fjalla og hafs! Allt innifalið þjónusta á innlendum drykkjum gerir ferðina extra þægilega og eftir morgunverðinn sem útbúinn er á bátum er aftur kominn tími á áframhaldandi sólbað eða smá blund meðan báturinn vaggar yfir glitrandi hafið.

Fullorðnir: **39/42 €**, Börn 7-14 ára: **20 €**, Börn 0-6 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Mánud. og föstud. frá Antalya og Belek.
Miðvikud og sunnud. frá Side. Miðvikud., sunnud. (mánud.) frá Alanya og Incekum svæðinu.



NAZAR MENNING OG DEKUR



Hamam – tyrkneskt bað

Allir tyrkneskir bæjir hafa minnst eitt hamam en hefðinni samkvæmt fer fólk reglulega í hamam og oft fara vinir saman. Svo að hamam er ekki bara til hreinsunar og afslöppunar heldur er það einnig félagsleg athöfn. Fyrst er setið í hlýju marmaraherbergi til að mýkja upp húðina. Síðan er líkaminn skrúbbaður með þvottahanska til að fjarlægja dauðar húðfrumur áður en sápunuddið byrjar. Þannig verður húðin dásamlega hrein og fin en síðasta skrefið er notalegt olíunudd.

Fullorðnir: **29 €/45 €**, Á Eftalia Island og Pegasos hótélunum hamam pakkinn (aðeins fyrir hótélgesti).

Börn 7-14 ára: **15 €**, Börn 7-12 ára: **23 €** á Eftalia Island
Börn 7-14 ára: **23 €** á Pegasos hótélunum, Börn 0-6 ár: **Frítt**
Belek, Side, Incekum og Alanyasvæðinu. Daglega frá Pegasoshótélunum fyrir hótélgesti.

Himinn til Hafs & Phaselis

Við rúnir Phaselis fáum við að sjá fornu höfnina, götuna og fallega hringleikahúsið. Við förum með einni lengstu línu í Evrópu með kláf upp á topp á hinu ótrúlega 2.300 metra háu Tahtali fjalli. Heillandi útsýnið blasir við yfir fjallasal og glitrandi Miðjarðarhafinu. Hádegisverður er borin fram í náttúrunni við vatnsnið frá litlum fallandi fossum.

Fullorðnir: **64 €**, Börn 7-14 ára: **32 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Miðvikudag frá Antalya og Belek.



Mitt Tyrkland

Langt í burtu frá ys og þys stórborgarinnar, í skoðunarferðinni „Mitt Tyrkland“, fáum við innsýn í hversdagslífið í litlu fjallaborpi. Við heimsækjum fallett þorp á landsbyggðinni og gömlu mosku þorpsins, sem og alvöru sögulegt heimili þar sem við snæðum morgunverð. Við förum einnig í áhugaverða heimsókn til skóla á svæðinu en við styrkjum þann skóla með því að gefa 1 evru af verði skoðunarferðarinnar, til viðhalds skólans og námsefniskostnaðar. Skoðunarferðin er farin á vorin og á haustin.

Fullorðnir: **35 €**, Börn 7-14 ára: **17 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Miðvikudag frá Side.

Alanya Delight

Alanya Delight er besta skoðunarferðin til áhugaverðustu staðanna í Alanya. Að skoða kastalann býður upp á dáleiðandi útsýni yfir Taurusfjöllin og Kleópötrustrandina og Dim hellirinn bíður með sína frábæru dropasteina. Hellirinn er sá næst stærsti í Tyrklandi sem er opinn fyrir almenning. Dim Cay fljótið sýnir fallegustu hlið Alanya og er fullkomið fyrir þá sem vilja slappa af og synda. Einnig er frír tími til að versla í miðbæ Alanya.

Fullorðnir: **46 €**, Börn 7-14 ára: **23 €**, Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Föstudag frá Side og Incekum.





NAZAR SPORT & SPENNA

Jeppasafarí

Jeppasafarí er ein af frábærustu upplifunum sem Tyrkland hefur upp á að bjóða. Við keyrum langt frá ys og þys stórborgarinnar upp til rólegheitanna í Taurusfjöllunum. Á leiðinni þangað stoppum við til að skoða fallega og ósnerta náttúruna, konungleg fjöllin og gróskumikla skóginn. Í þessari ferð förum við um staði sem er nær ómögulegt að finna upp á eigin spýtur. Komdu með og njóttu þess að eyða með okkur degi fullum af afslöppun og upplifunum. Fararstjórar Nazar taka þátt í Jeppasafarí frá Side og Alanya, frekari upplýsingar um Jeppasafarí á þínum áfangastað er að finna í verðlistanum.

Alanya klettasafarí með jeppa: Fullorðnir: **29 €**, Börn 7-14 ára: **20 €**
Dagur ferðar: Hvern dag, föstudag með fararstjóra Nazar, frá Alanya og Incekum svæðinu.

Sveitasafarí með jeppa: Fullorðnir: **44 €**, Börn 7-14 ára: **22 €**
Dagur ferðar: Þriðjudag, fimmtudag, sunnudag. Laugardag með fararstjóra Nazar, frá Side.

Utanvega Jeppasafarí: Fullorðnir: **44 €**, Börn 7-14 ára: **22 €**
Dagur ferðar: Mánadagur, miðvikudagur og föstudagur frá Belek og Antalya. Þriðjudagur, laugardagur og sunnudagur frá Side.



River Rafting

Vilt þú gera eitthvað fleira í þínu sumarfrí en að liggja í sólbaði við sundlaugina? Vildu njóta sólarinnar í aðeins líflegu umhverfi? Fylltu þá einn frídaginn þinn með adrenalíni, busli, látum og fjöri í raftingbát í straumharðri ánni! River Rafting er mjög skemmtileg íþrótt sem stunduð er í Koprulu Canyon og passar vel fyrir þá sem aldrei hafa prófað áður. Einnig er stoppað á leiðinni svo hægt sé að synda eða bara láta vatnið fleyta sér áfram.

Verð: **49 €**, Lágmarksaldur: 12 ára
Dagur ferðar: Þriðjudag og laugardag frá Antalya, Belek, Side, Alanya og Incekum svæðinu.



Kanóferð Aladdín

Þessi ferð er full af hreyfingu og fjöri. Hér er boðið upp á klifur, sund og hopp út í frískandi vatnið úr hárrí sem og lágrí hæð. Skoðunarferðin er farin í fallegu fjallaumhverfi þar sem við siglum í gegnum þröng gil og háar hæðir. Þetta er fullkomin ferð fyrir þá sem þrúa smá adrenalínskot. Við mælum með því að þátttakendur séu í góðu formi fyrir þessa skoðunarferð.

Fullorðnir: **59 €**, Börn 7-13 ára: **30 €**
Dagur ferðar: Þriðjudag og laugardag frá Belek, Side, Incekum og Alanya.



Fjór hjóla Safarí

Vilt þú hafa líf og fjör í þínu sumarfrí? Þá er Fjór hjóla safarí eflaust eitthvað fyrir þig. Fjór hjóla Safarí er meira en bara ryk og hjólför, því það getur verið reglulega skemmtileg upplifun í fallegu náttúrunni við suðurströnd Tyrklands. Þessi skoðunarferð er ætluð stærri hópum sem vilja skemmta sér á leikvelli náttúrunnar.

Verð: **49 €**, Lágmarksaldur: 16 ár
Dagur ferðar: Daglega frá Side, Alanya og Incekum svæðinu

Deluxe Safari

Best er að lýsa Deluxe Safari sem nútíma útgáfu af Jeppasafarí, sem farin er í Amarak jeppum með loftkælingu. Við skoðum skógi þaktar hliðarnar og hið frábæra Anatolia fjall. Hluti skoðunarferðarinnar fer fram í rafting-bátum, svo ekki gleyma að taka sundfötin með. 1. evra af verðinu rennur til plöntunar á nýjum trjám en mikill skógarbruni varð á svæðinu árið 2008.

Fullorðnir: **79 €**, Börn 7-14 ára: **57 €**
Dagur ferðar: Miðvikudag frá Antalya, Belek, Side, Alanya og Incekum svæðinu.



Köfun

Tyrkland er fullkomið bæði fyrir vana og óvana kafara, þökk sé hitanum og tæru vatninu. Undir vatnsyfirborðinu er heill heimur af ólíkum fiskum og einnig skjaldböckum. Hér er einnig margt að kanna fyrir vana kafara eins og til dæmis gömul flök, hellar og holur. Í köfunarferðinni færðu fræðslu um undirstöðuatriðin í köfun og þú færð að kafa tvisvar sinnum undir eftirliti frá vönum kafara.

Verð: **65 €** á mann (án köfunar **22 €**),
Lágmarksaldur: 14 ára
Dagur ferðar: daglega frá Antalya, Belek, Side, Incekum og Alanya.

Golf

Tyrkland er einn af vinsælustu áfangastöðum golfara í Evrópu, þökk sé góðum golfvöllum, hótélum í hæsta gæðaflokki og frábærri þjónustu. Belek er með marga golfvelli, sumir flottari en aðra en margir af golfvöllum eru hannaðir af þekktum nöfnum eins og til dæmis Feherty, Montgomerie, Dye, Thompson og Faldo. Fararstjórnarnir okkar hjálpa gjarnan til við að bóka tíma og akstur til og frá hótelinu þínu.

Dagur ferðar: Eftir samkomulagi





NAZAR VERSLUNARFERÐIR



Verslunarparadísin Antalya
Antalya er frábær borg og full af athyglisverðum hlutum, heillandi gömlum bæ og góðum verslunarmöguleikum! Við upplifum litlar og huggulegar götur í gamla borgarhlutanum, hið fræga Hadrianus hlið sem og klukkuturn borgarinnar. Eftir skoðunarferðina gefst laus tími á svæðinu, það er áður en við höldum áfram til einnar stærstu og nýjustu verslunarmiðstöðvarinnar í Antalya. En þar eru föst verð á innlendi og alþjóðlegri merkjavöru. Hér fyllast innkaupapokarnir hratt.

Fullorðnir: **33 €**, Börn 7-14 ára: **17 €** Börn 0-6 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Mánudag frá Alanya og Incekum svæðinu, Side og Belek.

Verslunarferð við sólsetur, Side
Þegar hitastigið lækkar og sólin er að setjast, er farið í verslunarferð í bestu búðirnar í Side! Við förum í stóra skartgripaverslun, leðurverslun og kryddverslun. Við röltum um huggulegar göturnar og njótum kvöldstemningarinnar í liflega litla bænum og við fallegu höfnina. Það gefst einnig tími til að versla upp á eigin spýtur eða kannski til að taka nokkrar af flottustu ljósmyndum ferðarinnar við fætur Apollo musterisins. Við kaup á einhverri skoðunarferð frá okkur, býðst þér að fara frítt í þessa ferð.

Fullorðnir: **12 €**, Börn 0-14 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Þriðjudaga og föstudaga frá Side



Verslunarferð við sólsetur, Alanya
Þegar líða fer á kvöldið förum við í verslunarferð í bestu búðirnar í Alanya. Við förum í stóra skartgripaverslun og heimsækjum hinn þekkta fisk-og ávaxtamarkað, en þar fáum við einnig að kynna alls konar angan af ólíkum kryddum. Það gefst síðan enn meiri tími til að versla eða jafnvel bara til að skoða bæinn og heillandi hafnar- og markaðssvæðið. Við kaup á einhverri skoðunarferð frá okkur, býðst þér að fara frítt í þessa ferð

Fullorðnir: **12 €**, Börn 0-14 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Þriðjudag og föstudag frá Alanya og Incekum svæðinu.

Antalya City Verslunarferð
Antalya býður upp á frábæra verslunarmöguleika og hér förum við á alla bestu staðina. Stóra leðurverslunin selur nútímalegar leðurvörur og í skartgriðabúðinni er mikið úrval af skartgripum fyrir alla. Í einni stærstu og flottustu verslunarmiðstöð Antalya er frjálst tími til að skoða úrvalið eða bara fá sér kaffibolla á einu af kaffihúsum. Við kaup á einhverri skoðunarferð frá okkur, býðst þér að fara frítt í þessa ferð.

Fullorðnir: **12 €**, Börn 0-14 ára: **Frítt**
Dagur ferðar: Föstudag frá Antalya og Belek.




Ókeypis akstur Ert þú á höttunum eftir bestu veitingastöðum eða minjagripum bæjarins? Fjöldi af samstarfsaðilum okkar bjóða upp á ókeypis akstur. Hafðu samband við fararstjórnann þinn fyrir frekari upplýsingar og bókun á akstri.





NAZAR EXTRA



nazar

Kappadokien (1 eða 2 daga skoðunarferð)

Kappadokien með sína náttúrlegu bergmyndanir og neðanjarðar borgir er hreinlega ótrúlegt að upplifa. Sofandi eldfjöll, tíminn og kraftur náttúrunnar hefur skilið eftir sig ævintýrlegt landslag. Í klettunum má sjá úthöggnað kirkjur, hús og jafnvel heila bæi. Á sumrin er þessi skoðunarferð skipulögð sem eins dags ferð með flugi. (Verð og upplýsingar færðu hjá fararstjóranum þínum).

Fyrir tvo daga með hóteli: Fullorðnir: **135 €**,
Börn 7-14 ára: **68 €**, Börn 0-6 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Mánudag frá Antalya, Belek, Side,
Alanya og Incekum svæðinu.

Fyrir einn dag með flugi: Verð: **189 €** Börn 0-1 árs: **Fritt**
Dagur ferðar: Þriðjudag frá Antalya, Belek, Side,
Alanya og Incekum svæðinu.



Frá Himni til Hafs

Ein lengsta línan í Evrópu þar sem hægt er að taka kláf upp á topp á hinu ótrúlega 2.300 metra háu Tahtali fjalli. Landslagið er fallegt og grípandi en það er útsýnið yfir glitrandi blátt Miðjarðarhafið einnig.

Fullorðnir: **49 €**, Börn 7-14 ára: **25 €**, Börn 0-6 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Miðvikudaga frá Antalya

Fire of Anatolia/Troy

Þessi heimspekkti dansflokkur með yfir 100 meðlimi, skemmtir okkur allt sumarið með frábærum dögum á Alanya og Antalya svæðinu. Dansflokkurinn á heimsmet með 241 dansspori á mínútu en þessi frábæra sýning hefur verið sýnd í yfir 85 löndum um allan heim. Frábær sýning!

Fullorðnir: **51-55 €**, Börn 7-11 ára: **15 €**, Börn 0-6 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Þriðjudag og föstudag frá Antalya, Belek, Side,
Alanya og Incekum svæðinu.



Pamukkale

Pamukkale er ein af vinsælustu náttúruperlum Tyrklands! Heitt kalkríkt vatnið seytir niður frá 100 metra háum klettavegg og hefur myndað svo kallaðar verandir eða litlar dropasteinsformaðar kalksteinslaugar. Vatnið þykir hafa lækningamátt á meðal annars húð- og hjartasjúkdóma. Einnig er vatnið talið hafa yngingarmátt. Í skoðunarferðinni skoðum við einnig rústir af fornum bæ.

Fullorðnir: **72 €**, Börn 7-14 ára: **36 €**, Börn 0-6 ára: **Fritt**
Dagur ferðar: Föstudag frá Antalya, Belek, Side,
Incekum og Alanya.

Leigja bíl Þú getur fundið fallega náttúru og spennandi áhugaverða staði út um allt í Tyrklandi. Hafðu samband við fararstjóra fyrir frekari upplýsingar um bílaleigur og fáðu ábendingar að góðum ferðum sem þú getur sjálf/ur skipulagt.



World of TUI

